Aðgerðaráætlun um eflingu lýðfræðilegrar þróunar

- Sértækt verkefni sóknaráætlunarsvæða -

Kötlusetur vinnur nú í samstarfi við Sass að áhersluverkefni í tengslum við *eflingu lýðfræðilegrar þróunar á miðsvæði Suðurlands.* Verkefnið snertir fjögur sveitarfélög: Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð; með áherslu á landsvæðið milli Markarfljóts í vestri og Hólmsár í austri:

Þegar litið er til lýðfræðilegrar þróunar einkennist svæðið af strjálbýli, hárri íbúaveltu og lágu hlutfalli barna á aldrinum 0-14 ára. Fólksfjölgun einskorðast nær eingöngu við innflytjendur á aldrinum 20-39 og er hlutfall innflytjenda hærra hér en víða annars staðar á landinu.

Markmið verkefnisins er að kanna viðhorf íbúa til áframhaldandi búsetu og fjölskyldumyndun á svæðinu; og draga af því ályktanir um:

- Hvað hvetur fólk til að setjast að með fjölskyldur á svæðinu
- Hvaða þættir draga helst úr líkum á langtíma búsetu
- Hvaða búsetuþættir eru mikilvægastir fyrir fjölskyldufólk á svæðinu
- Hvernig má þjónusta nýbúa betur og stuðla að auknum staðartengslum
- Hvernig sveitarfélögin geta laðað til sín íbúa sem hyggjast setjast að með fjölskyldur.

Nokkuð er til af gögnum um íslenska ríkisborgara í þessum efnum sem við munum greina og draga ályktanir af. Hins vegar er skortur á sambærilegum upplýsingum um erlenda ríkisborgara á þessu tiltekna svæði. Því er ætlunin að ná til þessa hóps með spurningakönnun og viðtölum.

Ávinningur

Niðurstöðurnar munu nýtast sveitarfélögunum við áætlanagerð og ákvarðanatöku um þjónustu við íbúa. Auk skýrslu mun fylgja sniðmát fyrir móttökuáætlun sveitarfélags og mun sveitarfélögunum bjóðast aðstoð við mótun slíkrar áætlunar í framhaldi

Tengiliðir

Við óskum eftir að hvert sveitarfélag tilnefni einn tengilið á sínu svæði sem mun leggja verkefninu lið, aðstoða við að ná til erlendra íbúa á sínu svæði og upplýsa sitt sveitarfélag um framgang verkefnisins. Verkefnið er að miklu leyti unnið á ensku svo ekki er nauðsynlegt að viðkomandi tali reiprennandi íslensku. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða tengingu inn í samfélagið og tali jafnvel pólsku eða annað algengt móðurmál á svæðinu. Aðkoma hvers tengiliðs getur orðið allt að 40 klst. og greiðir Kötlusetur viðkomandi fyrir vinnuframlagið í samræmi við kostnaðaráætlun verkefnis.

Við stefnum á að opna fyrir könnunina á næstu dögum og verðum þakklát fyrir skjót svör. Frekari upplýsingar veitir Vala á kotlusetur@vik.is og í síma 852-1395.

Með von um góðar undirtektir
Vala Hauksdóttir og Mateusz Borkowski